

Nd.

374. Nefndarálit

[135. mál]

um frv. til laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður mættu á fundi hjá nefndinni, og var rætt við þá ýtarlega um efni frv. Ljóst er, að kröfur um góða meðferð sláturafurða fara sívaxandi og víða er úrbóta þörf í meðferð þeirra. N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „tvö ár“ í síðasta málsl. 2. mgr. komi: þrjú ár.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Hver sá, sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði, sbr. 2. gr., í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu umsókn um löggildingu húsa til slátrunar og frystingar og geymslu á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim, áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

3. Við 4. gr. Við greinina bætist:

Héraðsdýralæknir skal leitast við að framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.

4. Við 9. gr. Síðasti másl. 1. mgr. falli niður.

Alþingi, 19. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Björn Pálsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Jónas Pétursson.	Sverrir Júlíusson.
Hannibal Valdimarsson.		